

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Skerjafjörður.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 20. apríl 2021, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á um 700 íbúðum, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum vegtengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurflogvöll, sem er eingöngu ætluð almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan öðlast þegar gildi.

Frakkastígsreitur, 1.172.1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33a, 33b, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að fallið er frá því að rífa steinhús á baklóð Laugavegar 37 og nýbygging sem fyrirhugað er að rísi á baklóðinni verður stytta sem því nemur og verður hluti af Laugavegi 35, sem og áður nefnt steinhús. Nýbygging að Laugavegi 35 verður breikkuð og heimilt verður að bæta við litlum svölum á húsin við Laugaveg. Íbúðum á skipulagsreitnum fækkar og byggingarmagn minnkar ásamt því að lóðamörk eru færð til o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Úlfarsárdalur - Úlfarsbraut 84-88, 90-94, 100-104 og 106-110.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 7. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 84-88, 90-94, 100-104 og 106-110 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst að heimild er veitt til að nýta sökkulrými sem geymslurými og sérstök heimild veitt til aukningar b-rýma. Auk þess eru byggingarreitir færðir um 1 metra frá götunni og innar á lóðina. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. júlí 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2021